

XINYU ZHANG

„Þannig er saga okkar“¹

Um sagnritunarsjálfsögur og skáldsöguna *Hundadaga* eftir Einar Mát Guðmundsson

Nei, hér þarf engu að ljúga. Það er engin skylda að ljúga í skáldsögum. Hér fær veruleikinn vængi og flýgur um heiminn.²

Þannig lætur Einar Mát Guðmundsson sögumanninn komast að orði í skáldsögu sinni *Hundadögum* (2015). Með þessum orðum afhjúpar sögumaðurinn „mótsagnakenndan“ hugsunarhátt sinn; hann fullyrðir að hann hafi lítinn sem engan áhuga á að ljúga í þessu skáldverki þar eð um „raunverulegar persónur á leiksviði sögunnar“ (206) sé að ræða. Í verkinu stíga svo sannarlega margvíslegar sögulegar persónur frá ólíkum tímum og löndum fram á frásagnarsviðið og flakka jafnvel fram og aftur í tíma og rúmi. Meðal annars er sagt frá séra Jóni Steingrímssyni eldklerki, fornfræðingnum seinheppna Finni Magnússyni, hundadagakónginum Jörgen Jörgensen og hundadagadrottningunni Guðrúnu Einarsdóttur Johnsen. En þó að sögumaður bendi á að það sé „engin skylda að ljúga í skáldsögum“ veit hann einnig að hann er að semja *skáldsögu*. Skáldskap (e. *fiction*) og veruleika, eða nánar tiltekið

¹ Grein þessi er að hluta til unnin upp úr BA-ritgerð minni í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands og fyrirlestri sem ég flutti á ráðstefnunni *Hrunið, þið munið* við Háskóla Íslands 6. maí 2018. Ég stend í mikilli þakkarskuld við Jón Karl Helgason, leiðbeinanda minn við ritgerðina, Bergljótu S. Kristjánsdóttur, Eirík S. Ólafsson, Rannveigu Sverrisdóttur og ónafngreinda ritryna fyrir góðar hugmyndir, ábendingar og yfirlstur.

² Einar Mát Guðmundsson, *Hundadagar*, Reykjavík: Mál og menning, 2015, bls. 25. Hér eftir verður vitnað til þessa verks með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.



skáldskap og sögu (e. *history*),³ lýstur ítrekað saman í *Hundadögum* með fullri sjálfsvitund (e. *self-consciousness*) sögumannsins, en það sama má segja um allmargar aðrar skáldsögur sem kenndar eru við póstmódernisma.

Í þessari grein verða *Hundadagar* greindir ítarlega í ljósi framangreinds einkennis póstmódernískra skáldsagna, en þó einkum með hliðsjón af hugtakinu sagnritunarsjálfsgaga (e. *historiographic metafiction*) sem kanadíski bókmenntafræðingurinn Linda Hutcheon skilgreindi með athyglisverðum hætti í bók sinni *A Poetics of Postmodernism: History, Theory, Fiction* (1988).⁴ Þar færir hún rök fyrir kenningum sínum um póstmódernisma og útfærslu hans í skáldskap með því að greina allmarga bókmenntatexta, einkum af vettvangi enskra bókmennta frá síðari helmingi 20. aldar. Sömu einkenni eða bókmenntastrauma má finna víðar um heim og Ísland er þar engin undantekning. Þó hefur hugtakið sjaldan borið á góma hér á landi og því verður sjónum fyrst beint að kenningum Hutcheon um póstmódernisma og póstmódernískan skáldskap áður en fjallað verður um skáldsöguna *Hundadaga*.

Póstmódernismi og sagnritunarsjálfsgaga

Kenningar Hutcheon um sagnritunarsjálfsgögur byggja á bókmenntahugtakinu *sjálfsgaga* (e. *metafiction*) sem einkennt hefur umræðu um móðernískar og póstmóðernískar bókmenntir á liðnum áratugum, en samkvæmt skilgreiningu Hutcheon eru sagnritunarsjálfsgögur skáldsögur „sem eru sjálfslýsandi, en leggja hald sitt á sögulega atburði og persónur á þverstaðukenndan hátt“.⁵ Einhver frægustu dæmi um þær í heimsbókmenntum eru, samkvæmt henni, *Hundrað ára einsemd* (1967) eftir Gabríel García Márquez, *Ástkona franska lautinantsins* (1969) eftir John Fowles, *Miðnæturbörn* (1981)

³ Íslenska orðið *saga* er margrætt og kann að merkja 1. „frásögn“, 2. „atburðarás sem síðar er sagt frá, e-ð sem gerist“, 3. „mannkynssaga, frásögn af þróun einstakra þátta eða greina“, 4. „sagnfræði“, 5. „sagnfræðirit“, 6. „sögugyðjan, sagan persónugerð“, 7. „skáldsaga“, sjá *Íslensk orðabók*, 5. útg., ritstj. Mörður Arnason, Reykjavík: Forlagið, 2010, bls. 817–818. Síðar í þessari grein verður greinarmunur gerður á sagnfræði (e. *history*), sagnritun (e. *historiography*) og sögu (e. *history*) í merkingunni „e-ð sem gerist“.

⁴ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism: History, Theory, Fiction*, London og New York: Routledge, 1988.

⁵ Sama rit, bls. 5. Á ensku segir, „[novels] which are both intensely self-reflexive and yet paradoxically also lay claim to historical events and personages“. Ég vil þakka Bergljótu Soffiu Kristjánsdóttur fyrir þýðinguna á hugtakinu sem hún benti á í námskeiðinu „Glæpasagan“ við Háskóla Íslands á vormisseri 2017.

eftir Salman Rushdie og *Páfagaukur Flauberts* (1984) eftir Julian Barnes,⁶ þar sem saga, kenningar og skáldskapur fléttast einatt saman.

Það kenningalíkan sem Hutcheon hefur þróað byggir fyrst og fremst á póstmódernískri byggingarlist, þar sem hún kemur auga á áhugavert samspil fortíðar og nútímans, meira að segja nútímalegan áhuga á fortíðinni í formi paródíu,⁷ en líkanið á einnig rætur í ýmsum póstmódernískum bókmennta-, heimspeki- og sagnfræðikenningum. Deilt hefur verið um tungumálið, eðli þess og hvernig því er beitt, en það varðar einmitt samband sögu og skáldskapar, enda varðveitist söguleg þekking okkar hvað mest í rituðum frásögnum,⁸ og ýmsir hafa leitt að því rök að bæði saga og skáldskapur séu hugarsmíð manna.

Á sjöunda og áttunda áratugnum urðu þáttaskil innan sagnfræðinnar, skil sem sneru bæði að máli og frásögn (e. *narrative/linguistic turn*). Sagnfræðingurinn Hayden White, sem hefur að ýmsu leyti átt stóran þátt í að móta þau, gerir greinarmun á sögulegum atburðum og birtingarmyndum þeirra í frásagnarformi. Það sem sagnfræðingar *gera* með söguritun sinni er ekki að framkalla hinn sögulega raunveruleika, heldur að sverfa og smíða frásagnir *af* honum og *út frá* honum sjálfum. Með öðrum orðum, enda þótt hinn sögulegi raunveruleiki sé svo sannarlega til, geta menn einungis komið til móts við hann óbeint, í gegnum einhvern miðil, sem er oftast en ekki söguritun sagnfræðinga. Kjarni málsins er því hvernig sagnfræðingar búa til skipulagða sögu (e. *story*) úr óreiðukenndum atburðum (e. *event*).⁹ White gerir meðal annars ráð fyrir sagnasmíð/fléttusmíð (e. *emplotment*) sem vinnubrögðum

⁶ Sama rit, t.d. bls. 5 og 44. Skáldsaga Barnes *Flaubert's Parrot* hefur ekki komið út á íslensku, en Árni Sigurjónsson hefur þýtt brot úr henni sem birtist í *Tímariti Máls og menningar* 2/1996, bls. 100–106. Sjá líka langan verkalista í Amy Elias, „Historiographic metafiction“, *The Cambridge History of Postmodern Literature*, ritstj. Brian McHale og Len Platt, New York: Cambridge University Press, 2016, bls. 293–307, hér bls. 293–295, þar sem D. M. Thomas, J. M. Coetzee, Toni Morrison og margir fleiri koma við sögu.

⁷ Sjá t.d. Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 22–36; *The Politics of Postmodernism*, 2. útg., London og New York: Routledge, 2002, bls. 11–13.

⁸ Tekið skal fram að sögulega þekkingin er auðvitað líka varðveitt annars staðar en í frásögninni einni, til að mynda í ljósmyndum, myndböndum og hljóðböndum, en þessar efnislegu birtingarmyndir sögunnar eru langt frá því að geta kallast „hlutlægar“, enda er þeim alltaf miðlað í gegnum þann aðila sem heita má *höfundur*, og eru þess vegna alltaf lítaðar túlkun hans.

⁹ Hayden White, „The Historical Text as Literary Artifact“, *Tropics of Discourse: Essays in Cultural Criticism*, Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 1978, bls. 81–100.

sagnfræðinga, en slíkar smíðar einkenna sömuleiðis skáldskapinn, þar sem höfundur (og oftlega sögumaður) vinnur með heimildir og býr til sögur upp úr þeim.¹⁰ Með líkum hætti og íslenska orðið *saga* nær yfir bæði margskonar skáldaðar frásagnir og sagnfræðilegt efni, telur White sagnfræðilegan texta vera að einhverju leyti bókmenntalegan tilbúning (e. *literary artifact*), enda deila skáldskapur og sagnfræðirit oftlega sama frásagnarmynstri.

Sagnfræði White er þannig *meta*-sagnfræði, því hann dregur athygli manna að athöfn og afurð sagnfræðinnar. Í því sambandi má nefna að hugtakið *historiographic metafiction* hefur einnig verið þýtt á íslensku sem „sagnfræðileg metaskáldverk“,¹¹ en með þýðingunni „sagnritunarsjálfsaga“ er undirstrikað að um er að ræða *sagnritun* (e. *historiography*),¹² þann texta sem fær mann til að íhuga ýmis atriði sem hafa áhrif á birtingarmyndir sögunnar, til dæmis hvað sagnfræðingar hafa kosið að segja frá og hverju þeir hafa sleppt eða þaggað niður, og hvernig sagnfræðingar hafa komist að mismunandi reyndum (e. *fact*) um sömu sögulega atburði (e. *event*).¹³ Þannig er hin „hlutlæga“ sagnfræði afbyggð vegna þess að hún birtist fyrst og fremst sem frásagnarverk og er því mjög háð vali, túlkun og hugmyndafræði þess sem ritar verkið og þar með er lítið svo á að ekki sé hægt að endurheimta fortíðina með neinum afdráttarlausum og hlutlægum hætti.

En þetta þýðir þó ekki að fortíðin eða sagan sé ekki til. Hutcheon segir um þetta atriði: „Ekki er lítið svo á að saga sé úrelt: hún er aftur á móti endurskoðuð – sem hugarsmíð mannsins. [...] aðgangur okkar að henni er nú algjörlega háður textum. Við getum ekki þekkt fortíðina nema í gegnum textana sem henni tilheyra [...]“.¹⁴ Þetta er sannarlega mótsagnakenndur hugsunarháttur: söguleg þekking er dregin í efa um leið og hún er stað-

¹⁰ Sjá líka Monika Fludernik, „Experience, Experientiality, and Historical Narrative: A View from Narratology“, *Erfahrung und Geschichte: Historische Sinnbildung im Pränarrativen*, ritstj. Thiemo Breyer og Daniel Creutz, Berlín og New York: De Gruyter, 2010, bls. 40–72, hér bls. 40–42.

¹¹ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf: Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmódernisma“, *Skírnir* 177: vor/2003, bls. 109–125, hér bls. 117.

¹² Sjá Frank Ankersmit, „Historiography“, *Routledge Encyclopedia of Narrative Theory*, ritstj. David Herman, Manfred Jahn og Marie-Laure Ryan, London og New York: Routledge, 2005, bls. 217–221.

¹³ Sjá t.d. Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 153. Á ensku segir, „History offers facts – interpreted, signifying, discursive, textualized – made from brute events.“ „Reyndir“ (e. *fact*) eru merkingarbær túlkun á „atburðum“ (e. *event*).

¹⁴ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 16. Á ensku segir, „History is not made obsolete: it is, however, being rethought – as a human construct. [...] its accessibility to us now is entirely conditioned by textuality. We cannot know the past except through its text [...]“.

fest, en póstmódernismi, samkvæmt skilgreiningu hennar, er einmitt fyrst og fremst „mótsagnakenndur, eindregið sögulegur og óhjákvæmilega pólitískur“.¹⁵ Póstmódernismi bæði „notar og misnotar, setur fram og grefur síðar undan þeim hugmyndum sem hann vefengir“, hann bendir á að margt af því sem við teljum vera *náttúruleg* fyrirbæri sé í raun og veru *menningarleg* hugarsmíð.¹⁶ Póstmódernismi gagnrýnir þar með hugmyndafræði sem hann tekur þátt í sjálfur, hann einkennist því bæði af gagnrýni (e. *critique*) og þátttöku (e. *complicity*). Póstmódernismi er samkvæmt þessu alltaf *bæði/og*, aldrei *annaðhvort/eða*.

En um hvaða póstmódernisma er að ræða? Tekið skal fram að Hutcheon lítur á póstmódernisma fyrst og fremst sem menningarstarfsemi,¹⁷ á meðan aðrir líta á hann sem þekkingarfræðilegt og félagsmenningarlegt/félags-hagfræðilegt fyrirbæri eða ástand, en raunin er þó sú að þetta þrennt spilar einatt saman.¹⁸ Fredric Jameson aðhyllist síðastnefndu skoðunina og lítur á póstmódernisma sem „menningarlega rökvísi síðkapítalismans“. Á meðan umfjöllun um afstöðu til fortíðar og sögu er lykilatriði bæði hjá Jameson og Hutcheon, telur Jameson að póstmódernismi einkennist meðal annars af flatneskju (e. *flatness*), dýptarleysi (e. *depthlessness*), dofnandi hrifum eða kenndum (e. *waning of affect*) gagnvart sögunni, svo ekki sé talað um að hann sé daufdumbur (e. *deafness*) andspænis henni. Jameson gagnrýnir í stystu máli póstmódernisma fyrir áhugaleysi og afskiptaleysi gagnvart pólitík og sögu.¹⁹ En á þeim tímum sem kenndir eru við póstmódernisma eygir Hut-

¹⁵ Sama rit, bls. 4. Á ensku segir „fundamentally contradictory, resolutely historical, and inescapably political“.

¹⁶ Sama rit, bls. 3. Á ensku segir, „uses and abuses, installs and then subverts, the very concepts it challenges“. Sjá líka Linda Hutcheon, *The Politics of Postmodernism*, bls. 2. Ástráður Eysteinnsson hefur dregið á kenningar Hutcheon um póstmódernisma í grein sinni „Hvað er póstmódernismi?“, *Umbrot: Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 369–401, hér bls. 384.

¹⁷ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 23–28.

¹⁸ Sjá Amy Elias, *Sublime Desire: History and Post-1960s Fiction*, Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 2001, bls. xx–xxvii. Sjá líka Nico Baumbach, Damon R. Young og Genevive Yue, „Revisiting Postmodernism: An Interview with Fredric Jameson“, *Social Text* 2/2016, bls. 143–160, hér bls. 143–144. Jameson vill nú gera greinarmun á milli póstmódernisma-*skeiðs* (þ.e. sögulegs tímabils, e. *post-modernity*) og póstmódernisma-*stíls* (þ.e. fagurfræðilegs stíls, e. *postmodernism*).

¹⁹ Fredric Jameson, „Póstmódernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“, þýð. Magnús Þór Snæbjörnsson, *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012, bls. 236–301, hér bls. 243, 246–247; *Postmodernism, or, The Cultural Logic of Late Capitalism*, London og New York: Verso, 1991, bls. xi.

heon aftur á móti gríðarlegan og raunverulegan áhuga, í byggingarlist og bókmenntum til að mynda, á sögu og pólitík, og ólíkt Jameson, kýs hún enn fremur að undirstrika *virgni* menningarinnar andspænis félagshagfræðilegum aðstæðum, en sú virkni felst einkum í svonefndri „gagnrýni í gegnum þátttöku“ (e. *complicitous critique*).²⁰

Höfuðaðferðir slíkrar gagnrýni *innan frá* eru paródía og írónía,²¹ en að mati Jamesons er paródía á póstmódernískum tímum reyndar „verkefnalaus“ (e. *without a vocation*) og hið einkennilega fyrirbæri *pastís* (eftirlíking eða stæling) hefur komið í hennar stað.²² Hann telur að póstmódernismi einkennist af merkingarlausri neyslu fremur en framleiðslu, hlutlausri þátttöku fremur en gagnrýni, því að póstmódernismi geti ekki framleitt neitt nýtt, heldur leiki hann sér einungis með brot úr fortíðinni og sé á þá lund flæktur í eins konar nostalgíu. Hutcheon lítur málin öðrum augum; hún telur að paródía sé enn jákvætt og skapandi afl. Paródía, skrifar hún, er „endurtekning úr gagnrýnni fjarlægð sem birtir írónískan mismun í innsta kjarna líkinda“.²³ Hún afhjúpar einmitt eina helstu mótsögn póstmódernismans, því að hún hefur tvöfalda merkingu, getur bæði vísað til þess sem er andstætt og hliðstætt tilteknu viðfangsefni. Paródía er með öðrum orðum tvöföld í roðinu; hún bæði viðurkennir og véfengir, löggildir og kollvarpar því sem hún beinist að. Þetta er það sem Hutcheon kallar tvöfalda kóðun (e. *double encoding*): „Póstmódernísk paródía er bæði gagnrýnin á afbyggjandi hátt og

²⁰ Linda Hutcheon, *The Politics of Postmodernism*, bls. 23. Sjá líka Jón Yngvi Jóhannsson, „Upphaf íslensks póstmódernisma: Um fyrstu ljóðabækur Einars Mús Guðmundssonar“, *Kynlegir kvistir tindir til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmtugri*, ritstj. Soffía Auður Birgisdóttir, Reykjavík: Uglur og ormar, 1999, bls. 125–142, hér bls. 125.

²¹ Hutcheon hefur fjallað ítarlega um paródíu og íróníu í *A Theory of Parody: The Teachings of Twentieth-Century Art Forms*, Urbana og Chicago: University of Illinois Press, 1985 og *Irony's Edge: The Theory and Politics of Irony*, London og New York: Routledge, 1995. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir hefur fjallað um íslensk bókmenntaverk með hliðsjón af kenningum Hutcheon um íróníu og paródíu, sjá „..... hvers leitar skifítingur þinn í rassgörn þessari?“, Fáeinar athugasemdir um skáld, skáldskap, háð og spé í *Gerplu*“, *Heimur skáldsögunnar*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 80–92; „rjómaskán ofan í mitti“: Um „Sólstafi“ Lindu Vilhjálmsdóttur“, *Heimur ljóðsins*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 66–79.

²² Fredric Jameson, „Póstmódernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“, bls. 256.

²³ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 26. Á ensku segir, „repetition with critical distance that allows ironic signalling of difference at the very heart of similarity“.

skapandi á uppbyggilegan hátt, hún dregur fram þverstæður og vekur athygli okkar á takmörkum jafnt sem áhrifum framsetningar – í hvaða miðli sem er.²⁴ Paródía leiðir þannig gamla texta (úr fortíðinni) inn í nýja texta (í nútíðinni); hún gerir okkur kleift að skrifa um fortíð í nútíð, og í því skammlaupi felst ekki „nostalgísk endurkoma“, heldur „gagnrýnin endurskoðun og írónísk samræða við sögu“ listarinnar og samfélagsins²⁵ – endurskoðun sem felur í senn í sér framsetningu á sögunni og afbyggingu sögunnar.

Öll þessi einkenni póstmódernismans eru sömuleiðis einkenni sagnritunarsjálfsagna, enda eru þær að viti Hutcheon helsta (og í rauninni eina) birtingarmynd póstmódernisma í skáldskap. Þetta eru skáldsögur sem einkennast af mikilli sjálfsvitund og kalla má sjálfsögur – þær eru skáldsögur *um* skáldsögur þar sem athygli er vakin á að skáldskapur sé tilbúningur (e. *artifact*), „í þeim tilgangi að vekja upp spurningar um samband skáldskapar og veruleika“.²⁶ Sjálfsögur eru meðvitaðar um möguleika sína og takmörk sem ráðast af því að þær eru skáldskapur og hugarsmið tiltekins höfundar, og í ofanálag bundnar máli og felldar í frásögn; þær draga með öðrum orðum ekki dul á þekkingu sína á því hvað veldur möguleikunum og takmörkunum sem þeim eru sett.²⁷ Sjálfsögur þykjast ekki vera að skírskota til empirísku veruleika utan skáldskapar, heldur eru þær sjálfsvísandi. Þess vegna eru sagnritunarsjálfsögur „mótsagnakenndari og sögulega flóknari“²⁸

²⁴ Linda Hutcheon, *The Politics of Postmodernism*, bls. 94. Á ensku segir, „Postmodern parody is both deconstructively critical and constructively creative, paradoxically making us aware of both the limits and the powers of representation – in any medium“.

²⁵ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 4. Á ensku segir, „not a nostalgic return; [it is] a critical revisiting, an ironic dialogue with the past.“

²⁶ Patricia Waugh, *Metafiction: The Theory and Practice of Self-Conscious Fiction*, New York og London: Methuen, 1984, bls. 2. Þýðingin er fengin af vefsíðu Jóns Karls Helgasonar, en þar er að finna gagnlegan lista yfir ýmis hugtök sem tengjast sjálfsögum, sjá <http://uni.hi.is/jkh/kennsla/hugtok/>.

²⁷ Um hugtakið *metafiction* sjá m.a. Patricia Waugh, *Metafiction*; Linda Hutcheon, *Narcissistic Narrative: The Metafictional Paradox*, New York og London: Methuen, 1984; Brian McHale, *Postmodernist Fiction*, London og New York: Routledge, 1987. Ýmsir íslenskir fræðimenn hafa líka gert tilraunir til að kynna hugtakið *metafiction* og þýða það yfir á íslensku, sjá einkum Jón Karl Helgason, „Deiligaldur Elíasar: Tilraun um frásagnarspegla og sjálfgettinn skáldskap“, *Ritið* 3/2006, bls. 101–130; „Tólf persónur leita höfundar: Tilraun um sögusagnir og dæmisagnalist“, *Skírnir* 182: vor/2008, bls. 81–120; „Þú talar eins og bók, drengur“: Tilraun um meðvitaðan skáldskap“, *Skírnir* 185: vor/2011, bls. 89–122.

²⁸ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 40. Á ensku segir, „more paradoxical and historically complex“.

en aðrar sjálfsgögur – þær segja frá því sem hefur gerst í formi skáldskapar; þær látast í upphafi vera að skírskota til empirískra veruleika eins og tíðkast í raunsæisskáldskap og hefðbundnum sagnfræðiritum, en efast einnig mjög um milliliðalaust samband textans og veruleikans. Sagnritunarsjálfsgögur spretta meðal annars upp fyrir margvísleg áhrif frá kenningum eins og nýsöguhyggju og póstrúktúralisma þar sem lítið er á sagnfræðirit sem bókmenntalegan tilbúning, en þær eru ekki síður andsvör skáldsagnahöfunda við félagslegum veruleika, svo sem styrjöldum, nýlendufrelsun, kynþátta-, kvenna- og hinsegin hreyfingum – andsvör til að umskrifa og jafnvel breyta hinni skráðu og alhæfðu sögu. *Framsetning* á sögunni og *skírskotun* til hennar eru þannig í raun grunduð í sagnritunarsjálfsgögum.²⁹

Það er þessi hrifning á sögunni sem greinir sagnritunarsjálfsgögur og sjálfsgögur að. Hutcheon telur því að sjálfsgögur eins og bandaríska ofur-skáldsagan (e. *surfiction*) og franskan nýsagan eða ný-nýsagan (e. *New Novel*, *New New Novel*) séu ekki póstmódernískar heldur módernískar, og sagnritunarsjálfsgagan sýni öðrum formum betur hversu mótsagnakenndur póstmódernisminn er.³⁰ Bandaríski bókmenntafræðingurinn Brian McHale heldur því fram að módernískar bókmenntir spyrji þekkingarfræðilegra spurninga um heiminn (Hvernig get ég túlkað heiminn sem ég er hluti af og hvað er ég í honum?) á meðan póstmódernískar bókmenntir spyrji verufræðilegra spurninga (Hvaða heimur er þetta, hvað á að gera í honum og hvaða sjálf mitt á að gera það?).³¹ Sagnritunarsjálfsgögur spyrja, samkvæmt skilgreiningu Hutcheon, bæði þekkingarfræðilegra og verufræðilegra spurninga: „Hvernig getum við þekkt fortíðina (eða nútíðina)? Hver er verufræðileg staða þeirrar fortíðar? Heimildanna um hana? Frásagna okkar?“³² Þannig

²⁹ Sjá Amy Elias, „Historiographic Metafiction“, bls. 293–295, 301. Sjá líka Monika Fludernik, „History and Metafiction: Experientiality, Causality, and Myth“, *Historiographic Metafiction in Modern American and Canadian Literature*, ritstj. Bernd Engler, Schöningh: Paderborn, 1994, bls. 81–101, hér bls. 84.

³⁰ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 40 og 108. Amy J. Elias skiptir hins vegar póstmódernískum bandarískum skáldsögum í þrennt: 1) sjálfsgögur sem endurspeglar póstrúktúralískar kenningar um tungumál og einbeita sér mjög að forminu, 2) sagnritunarsjálfsgögur, 3) skáldsögur þar sem nýttar eru sjálfsgögulegar aðferðir en eru samt frábrugðnar áður nefndu tveimur gerðunum. Sjá „Postmodern metafiction“, *The Cambridge Companion to American Fiction after 1945*, ritstj. John N. Duvall, New York: Cambridge University Press, 2012, bls. 15–29, hér bls. 17–18. Frekari gagnrýni á hina þröngu skilgreiningu og flokkun Hutcheon á póstmódernískum skáldskap má finna síðar í þessari grein.

³¹ Brian McHale, *Postmodernist Fiction*, bls. 9–10.

³² Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 50. Á ensku segir, „How do we

taka sagnritunarsjálfsögur virkan þátt í umræðunni um sögulega þekkingu og gera þá jafnan hvort tveggja í senn að draga þekkingu okkar í efa og sýna okkur fram á hve margbrotin hún sé: Er fortíðin í okkar augum „raunveruleiki“ (e. *reality*) eða fyrst og fremst það sem við höfum aðgang að í gegnum texta eða heimildir (e. *textualized accessibility*)?³³ Sagnritunarsjálfsögur afhjúpa einmitt þessa mótsögn.

Sjálfsagan Hundadagar

Nú er tímabært að beina sjónum að skáldsögunni *Hundadögum* og kanna hvernig hugtakið sagnritunarsjálfsaga getur nýst til greiningar á henni. Skáldsagan kom út á Íslandi og í Danmörku á sama tíma árið 2015 og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin sama ár. *Hundadagar* er „söguleg skáldsaga“ en líka „túlkun á samtíma“,³⁴ eða segjum nútímaleg söguleg skáldsaga þar sem fléttað er saman þráðum úr sögu Íslands og mannkynssögunni þannig að frásögnin teygir sig yfir nokkrar aldir, meira að segja frá 18. öld til 21. aldar.

Ólíkt því sem tíðkast í skáldsögum Walters Scott, „föður“ bókmennta- greinarinnar *söguleg skáldsaga* eða *söguleg rómansa*, fjallar skáldsaga Einaras Más um raunverulegar sögulegar persónur, eins og alþekkt er í mörgum sagnritunarsjálfsögum.³⁵ Þar er sérstaklega sagt frá ævi danska „lukkuriddarans“ Jörgens Jörgensen (1780–1841), sem sigldi um höfin blá, gerði byltingu á Íslandi og varð kóngur þar í tvo mánuði árið 1809, en var sendur aftur til Tasmaníu sem fangi eftir að bylting hans misheppnaðist, og dó þar. Samhliða frásögninni af Jörgen er sagt frá ævi séra Jóns Steingrímssonar (1728–1791) sem var vottur að Skaftáreldunum árið 1783 og var talinn hafa stöðvað eldhraunið með messu sinni. Báðir voru þeir kumpánar flæktir í ýmis ásta- og peningamál og þar að auki ritaði séra Jón, eins og Jörgen, ævisögu til að hreinsa mannorð sitt.³⁶ Finnur Magnússon (1781–1847) fornfræðingur er

know the past (or the present)? What is the ontological status of that past? Of its documents? Of our narratives?”

³³ Sjá sama rit, bls. 114.

³⁴ Ásdís Sigmundsdóttir, „Brúarsmiður eða farartálmi“, *Fréttablaðið* 4. desember 2015, bls. 30.

³⁵ Um þetta einkenni sagnritunarsjálfsagna sjá Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 114–115.

³⁶ Um ævisögu séra Jóns sjá Matthías V. Sæmundsson, „Upplýsingaröld 1750–1840“, *Íslensk bókmenntasaga* III, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 23–217, hér bls. 124–134.

gerður að tengiliðarpersónu séra Jóns og Jörgens í lok skáldsögunnar (sbr. 340–341) auk þess sem ævi og fræðistörf hans eru einnig rakin. Hundadagadrottningin Guðrún Einarsdóttir Johnsen (1790–1860) er líka þess háttar persóna; lesandinn kynnist ævi hennar en hún tengir jafnframt saman sögur af Jörgen og Finni (sbr. 337–341). Síðast en ekki síst er sögumaður í *Hundadögum* býsna fyrirferðarmikill og gegnir reyndar bæði hlutverki sögumanns og sögupersónu³⁷ eins og sýnt verður hér á eftir; hann hefur sögulega yfirsýn og næmt auga fyrir samtímanum – meðal annars hruninu 2008 og stöðu Íslands í heiminum.

Byrjað skal á því að kanna sögumanninn í *Hundadögum*, sem einkennist af sterkri sjálfsvitund og fer ekki í launkofa með sköpunarferli sitt, rétt eins og venjan er með sögumenn í sjálf sögum.³⁸ Hann segir til að byrja með frá í fyrstu persónu fleirtölu, „við“, eins og sjá má í eftirfarandi dæmum úr fyrsta kaflanum í fyrsta hluta skáldsögunnar:

Við köllum hann Jörund hundadagakonung enda er hann á sinn hátt eini kóngurinn sem við höfum átt. (9)

Þetta sést best á því að við munum varla hvað hinir raunverulegu kóngar hétu og því síður drottningar þeirra, nema þær allra kræfustu. [...] Að öðru leyti vorum við lítið að spá í þetta fólk. [...] Í stuttu máli sagt, við höfum ekki mikið af þessum kóngum að segja. (10)

³⁷ Ýmsir ritdómarar hafa fjallað um hinn fyrirferðarmikla sögumann *Hundadaga*, sjá t.d. Ásdís Sigmundsdóttir, „Brúarsmiður eða farartálmi“ og Steinunn Inga Óttarsdóttir, „Napóleón norðursins: Um Íslands eina kóng“, *Kvennablaðið.is*, 15. nóvember 2015, sótt 17. febrúar 2019 af <https://kvennabladid.is/2015/11/15/napoleon-nordursins-um-islands-eina-kong/>. Ásdís vill jafnvel meina að sögumaður sé „aðalpersóna bókarinnar en ekki Jörundur eða aðrar persónur“.

³⁸ Jón Karl Helgason bendir á að í alþjóðlegri umræðu séu til tvenns konar hugtök sem hefjast á *meta-* eða *self-*, en þau ganga að vissu leyti aftur á íslensku: „Þekktustu hugtökín í fyrri hópnium eru *meta-bókmenntir* (fr. *meta-littérature*) [...] og *metaskáldskapur* (e. *metafiction*) [...]. Í síðarnefnda flokknum eru meðal annars hugtökín *sjálfsméðvituð skáldsaga* (e. *self-conscious novel*) [...] og *sjálfhverf frásögn* (e. *narcissistic narrative*)“, sjá „Deiligaldur Elíasar“, bls. 102–104. *Meta-bókmenntir* og *metaskáldskapur* eru nefnilega bókmenntir um bókmenntir, í þeim er að finna yfirvegun og umfjöllun bókmennta um tilveru sína, en eins og fram hefur komið í nmgr. 27 hafa *sjálfsméðvitaðar skáldsögur* og *sjálfhverfar frásagnir* einnig verið kallaðar *metafiction* (sbr. Waugh og Hutcheon), enda eiga þær og *meta-bókmenntir* það sameiginlegt að einkennast af sjálfsvitund um sköpunarferli skáldsögunnar, hvort sem skáldskapareðli hennar (e. *fictionality*) er gert sýnilegt eða ekki.

Í sama kafla bregður þó einnig fyrir fyrstu persónu eintölu frásögn: „Ég ætla ekki að dæma um það hér og nú en spyr: Hver var Jörgen Jørgensen, hvað gerðist og hvers vegna? Ég vona að við fáum svör við þessum spurningum, og raunar fleirum, áður en sögu lýkur“ (11).

Síðar í skáldsögunni kemur í ljós að þegar sögumaður fjallar um frásagnarathöfn sína (fr. *narration*, e. *narrating*)³⁹ þá skýtur fyrsta persóna eintölu, „ég“, oft upp kalli:

Þetta hljómar eins og í minningargrein en ég er ekki að skrifa minningargrein. [...] Ég gæti líka sagt: Það er nótt [...]. Ég ætti að segja hábjartur dagur [...]. (21)

Það gerðist margt þar á milli, skal ég segja ykkur, og ég er ekkert endilega að segja þessa sögu í rétttri röð, af því að í rauninni er ekkert til sem heitir rétt röð og þetta er ekki saga um menn sem gengu í rétttri röð. (44)

Það er nefnilega dálítið merkilegt að þegar ég segi að hér sé allt satt og að hér þurfi engu að ljúga, þá er lygin oftast en ekki það sem sannleikurinn snýst um, viðfangsefni hans, enda sannleikurinn lyginni líkastur eins og þið hafið eflaust rekið ykkur á í þessari sögu og lífinu sjálfu. (150)

³⁹ Hér er stuðst við þrískiptingu Gérards Genette. Frásögnin skiptist í söguþráð (fr. *histoire*, e. *story*), frásagnarorðræðu (fr. *récit*, e. *narrative*) og frásagnarathöfn. Söguþráður er inntak frásagnarinnar, frásagnarorðræða er frásagnartextinn sjálfur, frásagnarathöfn er ferlið eða athöfnin þar sem frásagnarorðræðan verður til, sjá *Narrative Discourse: An Essay in Method*, þýð. Jane E. Lewin, Ithaca og N.Y.: Cornell University Press, 1980, bls. 27. Venjulega er ekki nauðsynlegt að greina frásagnarorðræðu og frásagnarathöfn í sundur, því að lesendur komast aðeins í tæri við frásagnarorðræðuna, og athöfnin eða ferlið þar sem hún verður til skiptir litlu máli fyrir frásögnina. En mörg dæmi sýna greinilega að fyrstu persónu sögumaðurinn „ég“ í *Hundadögum* gerir frásagnarathöfnina sýnilega eins og oft er gert í sjálfisögum. Rétt er að taka fram hér að þessi frásagnarathöfn er reyndar hluti af söguþræðinum, því skáldsagan *Hundadagar* fæst umframt allt við að skrá niður sögur persóna.

Með þessum metafrásagnarlegu athugasemdum (e. *metanarrative comment*)⁴⁰ dregur sögumaður athygli lesenda frá söguþræðinum að sjálfri tilveru hans og frásagnarathöfn hans. Fyrstu-persónu-eintölu-sögumaður ávarpar einnig lesendur beint eins og oft er gert í sjálfsmeðvituðum skáldsögum,⁴¹ og hann talar í anda munnlegrar frásagnar fremur en fræðilegs stofnanastíls: „Já, hlustið nú!“ (51 og 313); „Eins og þið heyrið þá get ég ekki alveg sagt skilið við séra Jón. Sögur eru aldrei búnar þó að þeim ljúki [...]“ (238).

Vert er þó að nefna að sögumaður í *Hundadögum* fæst meðal annars við að skrá niður sögur þeirra Jörgens, séra Jóns og fleiri persóna *upp úr heimildum*.⁴² Þetta minnir á aðferð sagnfræðinga við söguritun – þeir fletta líka upp í ýmsum heimildum eins og sögumaður gerir, en þeir afhjúpa þá aðferð frekar lítið opinberlega og fela sig gjarnan á bak við þriðju-persónu-frásagnarrödd og skrifa í fræðilegum stíl. En þegar sögumaður *Hundadaga* finnur til að mynda frásagnir um afstöðu móður Jörgens til sonar síns í sjálfsævisögu H. C. Andersens og endursegir þær með sínum eigin orðum, þá segir hann í framhaldinu: „Við missum af frekari sögum af þeim málum því að strax á eftir er H. C. Andersen farinn að tala um sjálfan sig og hvað móður Jörgens þótti hann efni í gott skáld“ (54).

Með slíkum metafrásögnum tjáir fyrstu-persónu-sögumaður *Hundadaga* opinberlega þau takmörk sem blasa við honum í heimildavinnu og minnir á

⁴⁰ Hugtakið *metanarration* eða *metanarrative* felst í því að sögumaður fjallar opinskátt um frásagnarorðræðu eða frásagnarathöfn sína, en greinarmunur verður gerður á *metafiction* og *metanarration*, því að fyrrnefnda hugtakið snýst meira um hið skáldaða eða hugsmíðaða eðli frásagnarorðræðunnar og sögumannsins – en þetta tvennt getur auðvitað unnið saman. Sjá Ansgar Nünning, „On Metanarrative: Towards a Definition, a Typology and an Outline of the Functions of Metanarrative Commentary“, *The Dynamics of Narrative Form: Studies in Anglo-American Narratology*, ritstj. John Pier, Berlín og New York: Walter de Gruyter, 2004, bls. 11–57.

⁴¹ Brian Stonehill, *The Self-Conscious Novel: Artifice in Fiction from Joyce to Pynchon*, Pennsylvania: University of Pennsylvania Press, 1988, bls. 30, sjá Jón Karl Helgason, „Þú talar eins og bók, drengur“, bls. 102. Hér má líka nefna að Einar Már Guðmundsson lætur sögumann oft tala beint til lesenda í verkum sínum, t.d. strax í sinni fyrstu skáldsögu *Riddurum bringstigans*, Reykjavík: Mál og menning, 1999 [1982], bls. 19: „Þú hlýtur að skilja mig, lesandi góður, þegar ég byrja að þæla í því hvernig ég geti klekkt á afmælisbarninu.“ Einskönar munnleg samræðukennd verður þannig til.

⁴² Sjá t.d. síðustu setninguna í síðasta kafla skáldsögunnar: „Nú sér hann [Finnur Magnússon] aftur móta fyrir prestinum, séra Jóni Steingrímssyni, sem stuttu síðar kom gangandi með kraftaverk á herðunum, kraftaverk sem enginn sá af því að þannig er saga okkar, kraftaverk sem enginn sér“ (341) – enginn hefur séð þau kraftaverk, en þau eru skráð í heimildum. Það sem Einar Már Guðmundsson lætur sögumann sinn gera er einmitt að segja frá þeim upp úr ýmsum heimildum.

hversu persónubundnar sögulegar heimildir eru. Þess vegna leyfir hann sér líka að láta huglægni sína leika lausum hala: „Þegar Jörundur hélt dansleiki gættu lífverðirnir dyranna og var Jens [Íslenskur strákur] á meðal þeirra þó að ekki finni ég hann í skránni yfir lífverðina sem er líklega af því að nafni hans hefur verið breytt í heimild minni“ (197). Slík meðferð á heimildum er í anda svonefndrar „apókrýfrar sögu“ (e. *apocryphal history*) eða „póstmód-ernískrar endurskoðandi sögulegrar skáldsögu“ (e. *postmodernist revisionist historical novel*), þar sem endurskoðaðar og endurtúlkaðar eru sögulegar heimildir sem og hefðbundin viðmið í sögulegum skáldskap, með því að bæta ýmist við því sem hefur glatast eða verið þaggað niður í sögulegum heimildum ellegar leysir hina opinberu sögu af hólmi.⁴³

Á stöku stað sýnir sögumaður líka að hann getur þaggað niður í vissum röddum fortíðarinnar, eins og sagnfræðingar geta og hafa gert:⁴⁴ „*Ævisagan* og *Eldritið*, það eru aðalbækurnar eftir séra Jón. Við styðjumst við þær en sneiðum hjá ýmsu sem ekki skiptir máli í okkar sögu og bætum við öðru sem kemur annars staðar að og lögum að okkar sögu“ (23). Valdabarátta um hina gildu og viðurkenndu orðræðu, þ.e. *hvaða* og *hvers* sögur eru sagðar,⁴⁵ birtist einnig í skáldsögunni þegar bylting Jörgens misheppnast og hann er kærður af ýmsu fólki. Bretinn Alexander Jones, skipstjóri á Talbot, sem handtekur Jörgen lætur marga skrifa skýrslur til að skýra frá byltingunni, en „einn var sá sem Alexander Jones vildi ekki fá neina skýrslu frá. Það var Jörgen Jörgensen“ (209), segir sögumaður, en „Jörgen Jörgensen átti líka eftir að hrekja orð skipstjórans lið fyrir lið í bók sinni“ (213). Því má segja að frásagnaraðferðin í *Hundadögum* sé í vissum skilningi eftirlíking, afhjúpun og paródía á því ferli sem býr að baki ritun sagnfræðilegra heimilda og rita, sem séu í eðli sínu menningarleg hugarsmíð og hugmyndafræðileg sköpun – líkt og skáldskapur.

Ávörpin og metafrásagnirnar trufla hið slétta og fellda frásagnarflæði og gera lesendur meðvitaðri um að þeir eru að hlusta á sögu sem sögumaðurinn segir og mótar, svo að ónefnt sé að skáldsagan einkennist af samskipan eða hliðskipan (e. *parataxis*),⁴⁶ þ.e.a.s. að sögur af persónum frá ólíkum tíma og rúmi séu klipptar út, límdar saman og settar saman inn í sama rými á afar frjálsan hátt af sögumanni. Þessar frásagnaraðferðir raska hinum línulega orsakaskilningi á sögu og afhjúpa jafnframt hið hugsníðaða eðli frásagnar

⁴³ Brian McHale, *Postmodernist Fiction*, bls. 90.

⁴⁴ Sjá Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 107.

⁴⁵ Sama rit, bls. 123.

⁴⁶ Sjá Amy Elias, *Sublime Desire*, bls. 122–136.

sögumanns. Hér má einnig minnst á tvö helstu einkenni sagnritunarsjálfsagna, þ.e. margföld sjónarhorn á sögu og sögumann sem stýrir frásögn á afar opinskáan hátt og setur þannig huglægan skilning sinn á sögu í forgrunn.⁴⁷

Á bak við „við“-sögumannsröddina er þá „ég“-sögumaður sem breytir um fornafn og þar með tilvísun. „Við“-frásagnir eru einskonar orðræðuaðferð⁴⁸ sem „ég“-sögumaður beitir til að vekja tilfinningar og geðshræringar hjá lesendum; sögumaðurinn verður þar með blendingur af sögumanni og áheyranda eða lesanda (við = ég + aðrir). Þó að lesendahópurinn sé víðar en á Íslandi, vísar „við“ í fyrrnefndum dæmum í rauninni einungis til sögumannsins og annarra Íslendinga,⁴⁹ og hann notar „við“ til að ávarpa þá, flækja þá inn í frásögnina, vekja athygli þeirra á frásögninni og tengja þá jafnframt við þann sögulega tíma sem skáldsagan lýsir.

Frásögnin er ýmist í þátíð eða nútíð; sögutíminn er stundum tíðin þegar Jörundur og aðrir kóngar voru uppi, stundum sá nútími sem við lifum í. Einn ritdómari *Hundadaga* segir um þetta atriði: „Höfundur talar nefnilega um okkur; okkur sem lifum núna og okkur sem lifðum þá. Við erum til á tvennum tímum.“⁵⁰ Í nútíðarfrásögnum eru lesendur samferða sögumanni sem grefur upp sögur af Jörgen, séra Jóni, Finni og fleiri og segir frá þeim, en í þátíðarfrásögnum eru þeir beinlínis gerðir þátttakendur í Íslands- og mannkynssögunni eins og sögumaðurinn sjálfur, sem er orðið ljóst í eftirfarandi dæmi: „Kannski brugðumst við líka kónginum, verndara vorum og hæstráðanda til sjós og lands. [...] Kom okkur þetta brambolt eitthvað við? Hvenær höfðum við verið spurð: Styður þú byltinguna? Nei, við höfðum ekki verið spurð að neinu í svo margar aldir að við skildum ekki spurninguna“ (213). Með því að tala um „okkur“ í þátíð, tengir sögumaðurinn sjálfan sig og lesendur við byltingu Jörgens – „við“ verðum með öðrum orðum Ís-

⁴⁷ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 117.

⁴⁸ Munur er gerður á „við“-frásagnarorðræðu og „við“-frásagnarathöfn – hið fyrrnefnda vísar til þeirra frásagna þar sem fyrstu-persónu-eintölu-sögumaður situr við stýri á bak við fyrstu-persónu-fleirtölu-fornafnið, en hið síðarnefnda vísar til frásagna þar sem merki „ég“-sögumannsins er hvergi að finna og „við“-sögumaður sem einkennist af samhuglægni stýrir frásögninni. Sjá Natalya Bekhta, „We-Narratives: The Distinctiveness of Collective Narration“, *Narrative* 2/2017, bls. 164–181, hér bls. 168–172. Í grein Bekhtu má líka lesa um helstu frásagnarfræðilegar rannsóknir um „við“-frásagnir.

⁴⁹ Í tilviki erlendra lesenda gerir sögumaður ráð fyrir að þeir setji sig í spor Íslendinga.

⁵⁰ Ingvi Þór Kormásson, „Í heimsreisu með Jörundi“, *Bókmenntaborgin.is*, 2015, sótt 17. febrúar 2019 af <http://bokmenntaborgin.is/umfjollun/hundadagar>.

lendingar á þeim tíma sem bylting Jørgens var gerð. Þá má segja að notkun persónunafnsins „við“ tengi lesendur ekki aðeins við *skáldsöguna*, heldur einnig *söguna* – en eins og hér hefur komið fram þá minnir sögumaður stöðugt á *riteðli* (skáld)sögunnar.

Sagnritunarsjálfsagan Hundadagar

Segja má að *Hundadagar* séu bæði söguleg skáldsaga og ævisaga þeirra sögulegu persóna sem eru þar í fyrirrúmi. Einar Már Guðmundsson lýsti sjálfur skáldsögu sinni svo þegar hann tók við Íslensku bókmenntaverðlauninum fyrir hana: „Hundadagar eru skáldsaga, að nokkru leyti heimildaskáldsaga þar sem heimildir eru notaðar á afar frjálsglegan hátt.“⁵¹ Hann styðst ekki aðeins við fræðileg sagnfræðileg rit, heldur líka sjálfsævisögur, skáldsögur og leikrit. Á síðustu blaðsíðunni í kiljuútgáfu *Hundadaga* má finna viðauka þar sem Einar Már fjallar um þær heimildir sem hann notar:

Aðalheimildir sögunnar eru sjálfsævisögur aðalpersónanna, [...] síðan ótal aðrar heimildir sem sumar eru nefndar í sögunni en aðrar ekki. Af þeim sem ekki eru nefndar í sögunni eru fjölmargar greinar Önnu Agnarsdóttur um Jörund hundadagakonung og samskipti Englands og Íslands, *Eldbuginn* eftir Ragnar Arnalds, *Mannkynssaga 1789–1848* eftir Jón Guðnason, *The Age of Revolution* eftir Eric Hobsbawm, *Vi, Jørgen Jørgensen* eftir Claus Ib Olsen, *Fribyttereren* eftir Kurt Frederiksen og leikritið *Eldklerkurinn* eftir Pétur Eggerz sem ég bæði sá á sviði og hafði undir höndum eintak af og vísað er í á nokkrum stöðum og tekið orðrétt úr, til dæmis bréf séra Jóns á blaðsíðu 98. Um aðrar heimildir vísast í söguna sjálfa.⁵²

Notkun heimildanna er annað dæmi um hversu sjálfslýsandi skáldsagan er, og viðaukinn er eitt dæmi um það sem Genette kallar *hliðartexta* (e. *paratext*). Upplýsingar um forlög, bókarheiti, formáli, eftirmáli, efnisyfirlit, bókarkápa, neðanmálgreinar eru önnur dæmi um hann. Í raun er það sem

⁵¹ Einar Már Guðmundsson, „Ávarp við viðtöku Íslensku bókmenntaverðlaunanna“, *Tímarit Máls og menningar* 1/2016, bls. 115–118, hér bls. 117.

⁵² Einar Már Guðmundsson, *Hundadagar*, Reykjavík: Mál og menning, 2016. Búast má við því að Einar Már hafi stuðst við fleiri heimildir en hann hefur nefnt, t.d. er viðurnefnið *Jørgen mera–taglskeri* (199) fengið úr níðkveðskap Finns Magnússonar, sjá Sveinn Einarsson, „Söguhetjan Jørgen Jørgensen“, *Andvari* 1/2009, bls. 81–94, þar sem finna má fleiri heimildir og bókmenntaverk þar sem Jørgen Jørgensen er aðalpersóna; níð Finns Magnússonar er að finna á bls. 82 í greininni.

bætist við texta svo að þeir textarnir verði bók kallað hliðartexti,⁵³ en í sagnritunarsjálfsögum má oft finna hliðartexta sem vísar beint eða óbeint til frásagnarathafnarinnar og hann er til vitnis um „íhugun um samband texta og hliðartexta í skáldsögu sem stefnir að staðreyndalegri nákvæmni (e. *factual accuracy*)“, eins og svissneski fræðimaðurinn Philippe Carrard bendir á í grein um franskar sagnritunarsjálfsögur.⁵⁴

Heimildanotkunin veldur því að í skáldsögunni rísa upp ýmiss konar textatengsl, sem eru ýmist af sagnfræðilegum eða bókmenntalegum toga. Það er þá ekki aðeins vitnað í sagnfræðileg rit, heldur líka önnur skáldverk:

varð hún [fiðlan] upphaf mikils fiðluleiks í marga ættliði eins og lesa má um í bókum Böðvars Guðmundssonar, *Hibýli vindanna* og *Lífsins tré*. (205)

Um dvöl séra Jóns í hellinum má lesa í *Skáldsögu um Jón* eftir Ófeig Sigurðsson. Hún kom út árið 2010. (299)

Með því að viðurkenna og afhjúpa textatengslin gefur sögumaður til kynna að sögurnar í *Hundadögum* séu bæði raunverulegar og skáldaðar. Skáldsagan setur sig bæði í sögulegt og bókmenntasögulegt samhengi, og persónurnar eru þannig bæði sögulegar og skáldsögulegar. Segja má því að *Hundadagar* „setji sig inn í sögulega orðræðu, en neiti samt að afsala sér sjálfstæði sínu sem skáldskapur“, eins og Hutcheon segir um sagnritunarsjálfsögur,⁵⁵ en mörkin á milli sagnfræðinnar og skáldskaparins verða sömuleiðis óljós, því að hér er undirstrikað að sérhver texti flækir sig *inn* í alls konar textatengsl fremur en vísí *beinlínis út* til raunverulegs empírísks heims. Enda þótt sagnfræðirit séu venjulega talin skírskota til raunverulegs heims (úthverf skírskotun) en skáldskapur til skáldaðs eða tilbúins heims (innhverf skírskotun), véfengja sagnritunarsjálfsögur þessa skoðun með ýmsum textatengslum og setja *textaleika* sagnfræðirita ennfremur í forgrunn⁵⁶ – og sögumaður og lesendur nálgast þá sögu sem sögð er í *Hundadögum* einmitt í *gegnum* „innhverfar“ heimildir og texta.

⁵³ Gérard Genette, *Paratext: Thresholds of Interpretation*, þýð. Jane E. Lewin, Cambridge: Cambridge University Press, 1997 [1987 á frönsku], bls. 1.

⁵⁴ Philippe Carrard, „Historiographic Metafiction, French Style“, *Style* 2/2014, bls. 181–202, hér bls. 185.

⁵⁵ Linda Hutcheon, *A Poetics of Postmodernism*, bls. 124. Á ensku segir, „situate themselves within historical discourse, while refusing to surrender their autonomy as fiction.“

⁵⁶ Sama rit, bls. 141–157.

En sagnritunarsjálfsögur, rétt eins og póstmóðernisminn sjálfur, neita þó ekki *tilvist* sögunnar, heldur framandgera *tilurð* hennar og *þekkingu* manna um hana. Hutcheon segir til dæmis:

[Foucault, Lyotard og fleiri fræðimenn hafa ýjað að því að] hvers konar þekking geti aldrei komist undan því að hafa samvinnu við einhverskonar meta-frásögn, við hugarsmíðir sem geri mönnum kleift að eigna sér „sannleika“, sama hversu tímabundinn [sá sannleikur er]. Það sem þeir bæta við engu að síður er að engin frásögn getur verið náttúruleg stór-frásögn: það er engin náttúruleg stigskipun; einungis sú sem við búum til.⁵⁷

Sögumaðurinn í *Hundadögum* íhugar líka oft mörk lygi og sannleika. Hann telur að á milli þessara tveggja fyrirbæra séu engin endanleg mörk, og að *sannleikur* sé stundum beinlínis samheiti orðsins *lygi*: „Því betur sem við kynnumst sannleikanum því lygilegri verður hann. Við hvert skref sem stigið er, alltaf minnkar bilið á milli sannleika og lygi, raunveruleika og skáldskapar“ (206). Hann spyr líka: „En hvað er satt og hver lýgur hverju að hverjum?“ (70). Handan við lygina leynast aðrar spurningar áleitnar: Hverskonar sannleikur er sagður og frá hvaða sjónarmiði er hann sannleikur? Sögumanni þykir erfitt að gera greinarmun á sannleika og lygi, en það stafar af því að sannleikur er aldrei einn og óskiptur heldur eru fremur til margvíslegir „sannleikar“ í fleirtölu.⁵⁸

Í þessu samhengi kynnu lesendur *Hundadaga* að vera forvitnir um: Hvaða sannleika eða sannleikum vill Einar Már Guðmundsson miðla með þessari skáldsögu sem segir frá og tengir saman sögur af nokkrum raunverulegum sögulegum persónum? Þeir kunna jafnframt að undrast að sögumaðurinn skuli tengja Jörgen Jörgensen, séra Jón Steingrímsson og Finn Magnússon saman, og sumum þykir jafnvel að sögunum af séra Jóni og Finni sé ofaukið

⁵⁷ Sama rit, bls. 13. Á ensku segir, „any knowledge cannot escape complicity with some meta-narrative, with the fictions that render possible any claim to “truth,” however provisional. What they add, however, is that no narrative can be a natural “master” narrative: there are no natural hierarchies; there are only those we construct.“ Vert er að taka fram að með hugtakinu „meta-frásögn“ (e. *meta-narrative*) á Hutcheon við „stór-frásögn“ (e. *master narrative*). Um hina eiginlegu metafrásögn sjá nmgr. 40.

⁵⁸ Sama rit, bls. 109. Sbr. líka „En sá sannleikur / sá mælikvarði / sá fjársjóður / er ekki Sannleikurinn Mælikvarðinn og Fjársjóðurinn“, Sigfús Daðason, *Ljóð 1947–1996*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2008, bls. 53. Ljóðið birtist upphaflega í *Höndum og orðum* (1959).

í ljósi þess hve athyglisverð saga Jörgens sé.⁵⁹ Höfundurinn lýsir sjálfur tengslunum svo í viðtali við Skapta Hallgrímsson:

Pegar þú ert með þá tvo, Jörund og Jón, og Finn Magnússon að auki, er hægt að búa til ákveðnar tengingar. [...] Maður hefur heyrt sögur um þessa menn, hvern í sínu lagi, en þegar maður hugsar þetta í samhengi kemur í ljós að Jörgen er þriggja ára þegar Skaft-áreldar hefjast og ekki líða nema tæp þrjátíu þar þangað til hann kemur hingað. Þetta er stuttur tími í sögunni en ofboðslega mikið að gerast þarna á milli; franska byltingin og Napóleonsstyrjald-irnar, nýlendustefnan, öll þessi verslun og viðskipti og styrjaldir. Og það er alveg makalaust hvernig þetta tengist í gegnum einn mann eins og Sir Joseph Banks sem er bæði í því að „uppgötva“ Ástralíu með James Cook og kemur svo hingað og hittir séra Jón Steingrímsson.⁶⁰

Í öðru viðtali, spurður um tengsl persónanna þriggja, kemst Einar Már einkar skemmtilega að orði: „Þeir bara mættu í söguna, eins og krakkar í skóla“,⁶¹ en hann talar líka um hinn *andlega* eða *huglega* þátt sem bindur þá saman. Þessar sögulegu persónur virðast þannig ekki tengjast eingöngu á *landfræðilegu* korti, heldur líka á hinu *hugmyndafræðilega* korti. En í hverju er þessi huglægi þáttur fólgin?

Pegar séra Jón Steingrímsson skrifaði ævisögu sína árið 1784–1791 var upplýsingaöldin gengin í garð á Íslandi, en franska byltingin í nafni *frelsis*, *jafnréttis* og *bræðralags* gaus upp árið 1789. Nýlenduhyggjan varð til í kjölfar upplýsingarinnar, en stórríkin teygðu sig til „heimsendanna“ Ástralíu, Tasmaníu og Íslands. Skipin sigldu um höfin og færðu varning milli hafna, en það voru líka styrjaldir, svo að „[ö]ll verslun var í skötulíki“ (134). Þess vegna má segja að tíðarandinn – *Zeitgeist* – í *Hundadögum* sé *upplýsingin*, en hún leiðir þó fyrst og fremst í ljós óvissu og óreiðu.

Jörgen var hrifinn af hugmyndum um frelsi, en líf hans valt á tilviljunum og ringulreið – hann ætlaði að verða sjómaður en hann varð hermaður,

⁵⁹ Sjá t.d. Ingvi Þór Kormáksson, „Í heimsreiðu með Jörundi“ og Þórdís Edda Jóhannsdóttir, „Saga um sögur“, *Hugrás.is*, 2015, sótt 22. febrúar 2019 af <http://hugras.is/2015/11/saga-um-sogur/>.

⁶⁰ Skapti Hallgrímsson, „Erum alltaf stödd í einhverri sögu“, *Morgunblaðið sunnudagur* 13. desember 2015, bls. 54–55, hér bls. 54.

⁶¹ Viðtal við Einar Má í þættinum *Bók vikunnar* á Rás 1, 29. maí 2016, *Rúv.is*, sótt 22. febrúar 2019 af <http://www.ruv.is/frett/hundadagar-einar-mar-gudmundsson>.

hann ætlaði að vera kaupmaður á Íslandi en varð loks byltingarmaður. Hann verndaði föðurland sitt í stríði Dana við Breta, en var ákærður fyrir landráð. Hann steypiti Dananum Trampe greifa af stóli og ruddi Bretum braut að hertaka Ísland, en Bretar vildu fremur hlusta á Trampe og vísuðu Jörgen úr landi. „[T]alið var að Jörgen Jörgensen gengi jafnvel lengra en hinir byltingarsinnuðu Frakkar“ (195) og samkvæmt þeirri túlkun var Jörgen mesti og róttækasti demókrati nítjándu aldarinnar, en bylting hans misheppnaðist samt – sá upplýsingarandi sem Jörgen hafði að leiðarljósi brást, af því að „[þ]egar Napóleonsstríðum lauk nokkrum árum síðar gátu Danir hert tök sín á Íslandi að nýju sökum þess hve sáttfúsir Bretar voru við þá enda búnir að fara illa með þá, [...] en eftir því sem leið á öldina, þá nítjándu, jókst krafan um frjálsa verslun og gekk að lokum eftir“ (214), segir sögumaður, en hann lýsir líka nákvæmlega hvernig *hin verklega skynsemi* (e. *instrumental reason*) leysti *upplýsingaskynsemi* af hólmi⁶² – ef upplýsingarhugsjónir gátu ekki stuðlað að efnahagslegri þróun eða verið gagnleg verkfæri kapitalismans urðu þær þýðingarlausar.

Í sögum séra Jóns er hugtakið réttlæti sett á oddinn. Hann rauf innsigli landstjórans í peningatókumálinu svokallaða sem tengdist Skaftáreldunum⁶³ og dreifði styrk frá danska kónginum til þeirra „sem þurftu á honum að halda í stað þess að fara með hann innsiglaðan í kistli sínum til Lýðs Guðmundssonar sýslumanns svo hann gæti virt hann fyrir sér, handleikið hann og velt vöngum yfir því hvað hann ætlaði að gera við peningana sem í kistlinum voru“ (222). Hann þóttist vera að koma réttlæti í framkvæmd en málinu lauk með því að hann þurfti að borga sekt. Það sem Finnur Magnússon sóttist eftir – þekkingin – varð honum líka að falli. Hann hélt að rétt væri að lesa rúnir í Blekinge sem hann hafði verið að rannsaka frá hægri til vinstri, og hélt mikið upp á þessa glæsilegu uppgötvun sína og stærsta daginn í lífi sínu sem fræðimanns, en allt reyndist vera sjónhverfing. Sögupersónurnar Jörgen, séra Jón og Finnur voru sannarlega í takti við þann tíma sem þær hrærðust í, en að vissu leyti voru þær einnig strengjabrúður og jafnvel fórnarlömb tíðarandans. Frá þessum sjónarhóli fá allar aðalpersónurnar í *Hundadögum* hlutverk utan *stórsögunnar* og fara úr skorðum hennar, svo ekki dugi að túlka ævi þeirra eingöngu út frá *leiðarfrásögn* upplýsingarinnar. Þannig er

⁶² Sbr. Max Horkheimer og Theodor W. Adorno, *Dialectic of Enlightenment: Philosophical Fragments*, þýð. Edmund Jephcott, Stanford: Stanford University Press, 2002 [1944, 1947 á þýsku].

⁶³ Séra Jón tók „fé úr hjálparsjóði án heimildar vegna Skaftáreldanna“, sjá Matthías V. Sæmundsson, „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 125.

ekki til einn sögulegur sannleikur sem getur nýst sem *meta*-sannleikur til að útskýra allt, heldur býr sagan yfir margvíslegum sannleikum. Þar sem upplýsingin bregst, rís *ævintýri* og *rómantík* upp,⁶⁴ og (skáld)sagan, eins og sögumaður kemst að orði, er þá „bæði sprellfjörug, skrautleg og skemmtileg en dettur stundum niður í depurð og þunglyndi og hjakkar í sama farinu árum og jafnvel öldum saman“ (17).

„Sagan fer fram og aftur blindgötuna, upp og niður dagatalið og endurtekur sig“ (26) er niðurstaðan sem sögumaður kemst að þegar hann leiðir hugann að samtíma sínum. Honum þykir eins og fortíðin og samtíminn kallist á þegar hann ber saman búshaldabyltinguna 2009 í kjölfar íslenska hrunsins og hina misheppnuðu byltingu Jörgens 1809: „Tvö hundruð árum seinna endurtók nákvæmlega sama sagan sig nema þá var það ekki Alexander Jones skipstjóri heldur forsætisráðherra landsins sem kallaði allan almenning í búshaldabyltingunni skríl skömmu eftir að hann bað guð um að blessa landið“ (204).

Stjórnvöldin fyrr og nú hafa sama orðið (*skríl*) um almenning sem tekur þátt í byltingu, en staða Íslands nú er heldur ekki ýkja ósvipuð þeirri sem blasti við á 19. öld þegar Ísland var nýlenda Danmerkur,⁶⁵ að minnsta kosti ef hugsað er til þess að í augum annarra – einkum túrista – er Ísland enn holdgerving hins frumstæða. En núna er í raun um að ræða meðvitað val og aðferð til að kynna landið, eins og sjá má í kynningarmyndbandinu *Inspired by Iceland*: „Og einhvers staðar þarna inni í myndinni erum við, skringilegt háttalag okkar og hegðun, og við reynum að standa undir væntingum sem göfugir villimenn, hnattvæddir frummenn og jafnvel *hobbitar*“ (103). Ljósi er þannig varpað á hina póstkólónísku stöðu Íslands í heiminum og gefið er í skyn að nýlenduhyggja sé ennþá til í dag en hafi skipt hömum: hún snúist nú ekki endilega um utanaðkomandi og opinbera kúgun, heldur frekar einskonar *sjálfs-nýlendun*, einskonar *samsæri* eða *meðvirkni* í þágu efnahagslegs hagnaðar.⁶⁶

⁶⁴ Sbr. káputexta *Hundadaga*: „Og sagan er ævintýraleig – og ævintýrin söguleg“.

⁶⁵ Sjá t.d. Jón Yngvi Jóhannsson, „Scandinavian Orientalism: The Reception of Danish-Icelandic Literature 1905–1950“, *Nordisk litteratur og mentalitet*, ritstj. Malan Marnersdóttir og Jens Cramer, Tórshavn: Fróðskaparfelag, 2000, bls. 254–261.

⁶⁶ Sjá Morten Jest, „Virkeligheden overgår fantasien“, *Gymnasieskolen.dk*, 9. nóvember 2015, sótt 25. febrúar 2019 af <https://gymnasieskolen.dk/virkeligheden-overgaar-fantasien>: „Hundredage beskriver ikke alene koloniale strukturer og kampe et par århundreder tilbage, men trækker også tråde til nutiden, hvor de koloniale ideologier ifølge Guðmundsson lever videre på en række områder. For eksempel i forhold til turisme, hvor vi udstiller vores kultur som forventet og opfører os, som det for-

Spyrja má hvaða líkindi önnur sögumaður bendi á milli tímaskeiðanna tveggja. Var hrunið 2008 Skaftáreldar nútímans sem eyðilögðu peninga og eigur manna?⁶⁷ Voru Bretar aftur *inspired by Iceland* eins og Joseph Banks á sínum tíma (204)? Eiga kapítalismí 19. aldar og 21. aldar eitthvað sameiginlegt? Var hrunið *déjà vu* þess sem gerðist í fortíðinni? Eða var veruleiki hrunsins þegar innifalinn í *sögumni*? Tvennir sögulegir tímar kallast innbyrðis á með þeim allegóríska hætti sem Paul de Man skilgreinir: merkingarmyndun allegóríunnar á sér stað í *endurtekningu* fremur en samsvörun, í krafti þess að allegórían vísar einatt til þess sem til er á undan henni; hún býr yfir fjarlægð frá uppruna sínum, neitar að samrýmast nokkurri sögn frá gömlum tíma – merking allegóríunnar verður einmitt til í mismuninum á tvennum tímaskeiðum, í misgengi tímans.⁶⁸ Þannig er virkni allegóríunnar, en þannig er líka saga okkar, sem endurtekur sig en birtist þó alltaf í öðruvísi ham í tímanna rás. Sagan er því í vissum skilningi eins og *vofa*⁶⁹ sem neitar að hafa sig á brott; hún „kemur okkur alltaf í opna skjöldu“ (21), en sviptir sífellt hulunni af sjálfri sér í endurtekningum með tilbreytingum. Og þess vegna er þýðingarmikið að vitja sögunnar aftur og aftur og skrifa um söguna, ígrunda tilvist hennar og þekkingu okkar á henni. Það er þá þessi boðskapur sem Einar Már Guðmundsson vill miðla til okkar með sagnritunarsjálfsögunni *Hundadögum*: sagan skiptir býsna miklu máli og „[v]ið sem segjum svona sögur og rifjum þær upp til að minna á hið gleymda erum því á bandi guðs“ (39).

ventes. Perioder, vi tror er afsluttet, er ikke altid afsluttet. Det samme gælder det dansk-islandske forhold [...]“

⁶⁷ Sjá líka Einar Már Jónsson, „Örlögsímu“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2016, bls. 136–139, hér bls. 139.

⁶⁸ Paul de Man, „The Rhetoric of Temporality“, *Blindness and Insight: Essays in the Rhetoric of Contemporary Criticism*, 2. útg., Minneapolis: University of Minnesota Press, 1983, bls. 187–228, hér bls. 207. Á ensku segir, „the allegorical sign refer to another sign that precedes it. The meaning constituted by the allegorical sign can then consist only in the *repetition* [...] of a previous sign with which it can never coincide, since it is of the essence of this previous sign to be pure anteriority. [...] allegory designates primarily a distance in relation to its own origin, and, renouncing the nostalgia and the desire to coincide, it establishes its language in the void of this temporal difference. In so doing, it prevents the self from an illusory identification with the non-self, which is now fully, though painfully, recognized as a non-self.“

⁶⁹ Jacques Derrida, *Specters of Marx: The State of the Debt, the Work of Mourning and the New International*, þýð. Peggy Kamuf, New York and London: Routledge, 1994 [1993 á frönsku]. Sbr. líka einkunnarorð *Hundadaga*: „History has many cunning passages ...“ – T. S. Eliot, *Gerontion*.

Að lokum

Sagnritunarsjálfsaga hefur reynst nytsamlegt hugtak til greiningar á póstmódernískum skáldsögum, en kenningar Hutcheon hafa einnig sætt gagnrýni. Hún gefur oftast en ekki í skyn að sagnritunarsjálfsögur séu eina ósvikna birtingarform póstmódernískra skáldsagna en ýmsir hafa bent á að málflutningur hennar um það efni byggist á of miklum alhæfingum.⁷⁰ Auðvitað eru til fleiri tegundir af póstmódernískum skáldsögum en sagnritunarsjálfsögur, og það má einnig skipta sagnritunarsjálfsögum í ýmsar undirgreinar. Þýski frásagnarfræðingurinn Ansgar Nünning gerir einmitt tilraun til þess í sínum skrifum. Hann telur að til séu annars vegar opinskáar (e. *explicit*) og hins vegar duldar (e. *implicit*) sagnritunarsjálfsögur. Í þeim fyrrnefndu er fjallað opinskátt um þau þekkingarfræðilegu, aðferðafræðilegu og málvísindalegu vandamál sem tengjast uppbyggingu sögunnar á sjálfsögulegan hátt, og þá birtist líka sterk sjálfsvitund. Í duldu sagnritunarsjálfsögum gerir sjálfsvitundin sjaldnast vart við sig; það sem leiðir vandamálin í ljós er fyrst og fremst innri uppbygging og frásagnartækni skáldsögunnar. Höfundar setja til dæmis fram hlið við hlið mótsagnakenndar frásagnir og mismunandi túlkunar á sama atburði.⁷¹ Nünning kynnir líka tvær aðrar gerðir af póstmódernískum sögulegum skáldskap en þær eru endurskoðandi sögulegar skáldsögur (e. *revisionist historical novels*) þar sem stefnt er að því að endursemjja sögu, og metasögulegar skáldsögur (e. *metahistorical novels*) þar sem nútímamaður skoðar, túlkar og skrifar um fortíðina út frá nútímalegu sjónarhorni.⁷² Hugtakið sagnritunarsjálfsögur hefur nýst best til að lýsa sögulegum skáldskap frá 6. og 7. áratugnum á síðustu öld, en Amy J. Elias kynnir til sögunnar hugtakið *metasöguleg rómansa* (e. *metahistorical romance*) í skrifum sínum um sögulegan skáldskap eftir það.⁷³ Stungið hefur verið upp á öðrum hugtökum til að lýsa nýlegri þróun í sögulegum skáldskap, til dæmis *póst-bugsníðahyggju-metasagnritunar-skáldskap* (e. *post-constructivist metahistoriographic fic-*

⁷⁰ Brian McHale, „Postmodernism, or The Anxiety of Master Narratives“, *Diacritics* 1/1992, bls. 17–33; Monika Fludernik, „History and metafiction“; Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf“; Ansgar Nünning, „Where Historiographic Metafiction and Narratology Meet: Towards an Applied Cultural Narratology“, *Style* 3/2004, bls. 352–375.

⁷¹ Sama rit, bls. 365–369.

⁷² Sama rit, bls. 362–365. Hugtakið *endurskoðandi sögulegar skáldsögur* fær Nünning raunar lánað hjá Brian McHale, sjá nmgr. 43.

⁷³ Sjá Amy J. Elias, *Sublime Desire*; „Historiographic metafiction“, bls. 303–305.

tion)⁷⁴ og *ný-sögulegum skáldskap* (e. *neo-historical fiction*),⁷⁵ en ekkert þeirra hugtaka hefur haft jafnmikil áhrif og hugtak Hutcheon.

Sjálfur er ég á þeirri skoðun að hægt sé að nýta hugtakið *sagnritunar-sjálfsaga* til að lýsa þeim tilraunakenndu bókmenntaverkum, eins og *Hundadögum*, sem eru upptekin af sögulegum efnum og einkennast af sjálfsvitund um riteðli sögunnar; mögulegt er þá að nálgast sögu í formi *skáldskapar*. Slík samþætting sögu og skáldskapar, veruleika og ævintýris, raunsæis og rómantíkur, hefur einmitt lengi verið einn kjarninn í fagurfræði Einars Mús Guðmundssonar.⁷⁶ Frásagnargleðin er ætíð afar mikil og leiftrandi í skáldsögum hans, og hann lítur eiginlega á allt sem hugsanleg efni fyrir skáldsögur, eins og skýrt kemur fram í skrifum hans um þetta efni: „Það sem skynsemisshyggjan lítur á sem tvo aðgreinda póla sér skáldskapurinn sem eina heild, ævintýrið og veruleikann í einni sæng. Andinn er ekki aðeins afurð heimsins, heldur skapar hann jafnframt þennan sama heim. Draumar og hugsanir eru líka veruleiki.“⁷⁷ Það er því engin furða að saga og skáldskapur, veruleiki og ævintýri renni saman í *Hundadögum*. Einar Már glímur við söguna með því að segja sögur, enda er hann rithöfundur. En við lesendur komum til móts við söguna og sögurnar þegar við lesum, hlustum á þær, og skynjum þær með líkama og huga. Er þetta allt ekki prýðilegur vitnisburður um eilífa þörf mannsandans fyrir *frásagnir* – og fyrir *sögu*? „Seg mér Sönggyðja ...“, segir Hómer (70). Þetta bergmál úr fortíðinni kveður enn og aftur við í nútíma okkar.

⁷⁴ Manja Kürschner, „The Fictionalization of History in Metahistoriographic Fiction after the Constructivist Challenge“, *Emerging Vectors of Narratology*, ritstj. Per Krogh Hansen, John Pier, Philippe Roussin og Wolf Schmid, Berlín og Boston: de Gruyter, 2017, bls. 153–170.

⁷⁵ Ann Heilmann og Mark Llewellyn, *Neo-Victorianism: The Victorians in the Twenty-First Century, 1999–2009*, London: Palgrave/MacMillan, 2010. Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Mannkynssagan sem söguleg skáldsaga“: Vangaveltur um sögulegan skáldskap og framgang hans hérlendis á þessari öld“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2018, bls. 85–97.

⁷⁶ Sjá Guðni Elísson, „Heimurinn sem krónísk ranghugmynd: Átök undurs og raunsæis í verkum Einars Mús Guðmundssonar“, *Skírni* 171: vor/1997, bls. 165–196.

⁷⁷ Einar Már Guðmundsson, „Hin raunsæja ímyndun“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1990, bls. 97–104, hér bls. 100.

ÚTDRÁTTUR

„Þannig er saga okkar“

Um sagnritunarsjálfsögur og skáldsöguna *Hundadaga* eftir Einar Má Guðmundsson

Í skáldsögunni *Hundadögum* (2015) eftir Einar Má Guðmundsson vofir hin áleitna spurning hvornig samband milli veruleika og skáldskapar sé yfir, enda er um að ræða *skáldskap* um *raunverulegar* sögulegar persónur og atburði (Jörgen Jörgensen, séra Jón Steingrímsson, Finn Magnússon, Guðrúnu Johnsen o.fl.), en það sama má segja um allmargar aðrar skáldsögur sem kenndar eru við póstmóðernisma. Kanadíski bókmenntafræðingurinn Linda Hutcheon nefnir slík skáldverk sagnritunarsjálfsögur eða *historiographic metafiction*: skáldverk sem eru „sjálfslýsandi en leggja hald sitt á sögulega atburði og persónur á þverstæðukenndan hátt“. Að mati Hutcheon sýna sagnritunarsjálfsögur hvað best hvornig póstmóðernismi er upptekinn af bæði þekkingarfræðilegri og verufræðilegri stöðu sögunnar. Í greininni er fyrst dregið á kenningar Hutcheon um póstmóðernisma, póstmóðernískan skáldskap og samband milli sögu og skáldskapar, en þá er skáldsagan *Hundadagar* greind ítarlega með hliðsjón af hugtakinu sagnritunarsjálfsaga. Rýnt er í frásagnaraðferðir sögumanns, svo sem samskipan/hliðskipan, metafrásagnarlegar athugasemdir, „við“-frásagnarorðræðu og heimildanotkun, sem segja má að í vissum skilningi séu eftirlíking, afhjúpun og paródía á því ferli sem búi að baki sagnfræðilegum ritum. Því er haldið fram að endurskoðun sögumanns *Hundadaga* á 18. og 19. öldinni eigi rætur að rekja til bankahrunsins 2008 á Íslandi þegar upplýsingargildin brugðust og leiddu til óreiðu og óvissu. Meira að segja hefur sögumaður fundið ókennileg líkindi milli fortíðarinnar og nútímans, eins og sagan hafi endurtekið sig. Í misgengi tímans birtist þá vofa sögunnar og með því að endurvítja fortíðarinnar nálgast sögumaður *Hundadaga* nútímann á allegórískan hátt. Sem sagnritunarsjálfsaga er skáldsagan *Hundadagar* þannig „mótsagnakennd, eindregið söguleg og óhjákvæmilega pólitísk“, rétt eins og póstmóðernisminn sjálfur að viti Hutcheon.

Lykilorð: Póstmóðernismi, póstmóðernískar bókmenntir, sagnritunarsjálfsaga, Einar Már Guðmundsson, *Hundadagar*, íslenska efnahagshrunið, saga og skáldskapur

ABSTRACT

„So is our (hi)story“

On historiographic metafiction
and Einar Már Guðmundsson's *Hundadagar*

The ambiguity between reality and fiction haunts Einar Már Guðmundsson's novel *Hundadagar* (*Dog Days*, 2015), as it is a *fictional* narrative about *factual*, historical figures and events, such as Jörgen Jörgensen, Rev. Jón Steingrímsson, Finnur Magnússon and Guðrún Johnsen, while the same can be said about many other novels labeled as postmodernism. Canadian literary scholar Linda Hutcheon coined the concept of *historiographic metafiction* to describe fictions as such, which are “intensely self-reflexive”, while “paradoxically lay claim to historical events and personages”. Hutcheon suggests that historiographic metafiction fully illuminate the very way in which postmodernism entangles itself with both the epistemological and ontological status of history. This paper begins with an introduction to Hutcheon's theoretical contributions on postmodernism, postmodern literature and the relationship between history and fiction, followed by a reading of *Hundadagar* as a historiographic metafiction. The narrator's strategies—such as parataxis, metanarrative comments, we-narrative discourse and documentary intertext—largely indicate an imitation, a revelation, or say, a parody of the process of historian's writings. The paper further suggests that it is the Icelandic financial crisis in 2008 that prompts the narrator to revisit the 18. and 19. century, since the financial crisis takes the role of a rupture of the Enlightenment ideals, leading to disorder and chaos. Moreover, the narrator finds an uncanny similarity between the past and the present, as if the history has been repeating itself. The spectre of history keeps (re)appearing in a deferred temporality. While revisiting the past, the narrator also (re)visits the present in an allegorical way. In a word, as a historiographic metafiction, Einar Már Guðmundsson's *Hundadagar* is “fundamentally contradictory, resolutely historical, and inescapably political”, just as Hutcheon's perception of postmodernism.

Keywords: Postmodernism, postmodern literature, historiographic metafiction, Einar Már Guðmundsson, *Hundadagar*, the Icelandic financial crisis, history and fiction

XINYU ZHANG

Meistaraneví í íslenskum bókmenntum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

xiz3@hi.is

